

Úthlutunarstefna



1. Almenn atriði

1.1. Tilgangur og gildissvið

1.1.1. Á Fossum fjárfestingarbanka hf. („Fossar“ eða „bankinn“) hvílir lagaskylda að koma á og viðhalda viðeigandi reglum, stjórnækjum og ferlum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra í tengslum við úthlutun fjármálagerninga. Jafnframt að koma á, innleiða og viðhalda stefnu um úthlutun sem tilgreinir ferlið við mótun ráðgjafar um úthlutun.

1.1.2. Í þeim tilgangi hefur fyrirtækjaráðgjöf Fossa sett sér úthlutunarstefnu þessa, sem taka ber tillit til þegar bankinn hefur umsjón með útboði fjármálagerninga og kemur að úthlutun þeirra til fjárfesta.

1.2. Afhending

1.2.1. Stefnu þessa skal afhenda viðskiptavinum áður en Fossar samþykkja að taka að sér umsjón með útboði eða sölutryggingarþjónustu.

1.3. Lagagrundvöllur

1.3.1. Úthlutunarstefna þessi er sett með vísan til laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra, einkum 40. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565.

1.4. Skilgreiningar

1.4.1. Hugtakið „viðskiptavinur“ vísar hér til viðskiptavina Fossa sem eru útgefendur eða seljendur þeirra fjármálagerninga sem boðnir eru út.

2. Aðkoma viðskiptavinar

2.1. Viðskiptavinur skal hafður með í ráðum um útboðsferlið svo bankinn geti skilið og tekið tillit til hagsmuna og markmiða hans.

2.2. Áður en tillaga að úthlutun í samræmi við grein 3 er útbúin skal ræða við viðskiptavin og skrásetja, eftir því sem við á:

2.2.1. þau markmið sem viðskiptavinur stefnir að með útboði,



- 2.2.2. hvort og þá hvernig haga skuli úthlutun eftir flokkum eða tegundum fjárfesta,
 - 2.2.3. hvort og þá hvaða atriði skuli hafa sérstakt vægi við úthlutun, og
 - 2.2.4. önnur þau atriði sem viðskiptavinur óskar þess að Fossar taki tillit til þegar unnið er að tillögu um úthlutun samkvæmt grein 3.
- 2.3. Viðskiptavinum skal að jafnaði heimilt að koma að breytingum á framangreindu, með þeim takmörkunum sem leiða kann af lögum. Í því sambandi skal meðal annars hafa í huga að því marki sem þessar upplýsingar hafa verið tilgreindar í lýsingu sem birt hefur verið í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129, sbr. lög nr. 14/2020, kunna breytingar þar á að leiða til skyldu til að birta viðauka við lýsinguna.
- 2.4. Endanleg ákvörðun um úthlutun til fjárfesta er í höndum viðskiptavinar. Eftir því sem við á munu Fossar því ávallt leita samþykkis viðskiptavinar á tillögu um úthlutun, sbr. nánar grein 3. Viðskiptavininn er að jafnaði heimilt að hafna tilboðum frá fjárfestum, án sérstaks rökstuðnings.

3. Tillaga að úthlutun

- 3.1. Sé eftir því óskað mun bankinn að loknu útboðstímabili og, ef við á, aðrir umsjónaraðilar sem koma að úthlutun, yfirfara framlögð tilboð og í kjölfarið útbúa og leggja tillögu að úthlutun til fjárfesta fyrir útgefanda til samþykktar.
- 3.2. Tillaga að úthlutun ræðst af atvikum og aðstæðum hverju sinni, einkum óskum útgefanda, sbr. nánar grein 2, sem og upplýsingum sem aflað er frá hugsanlegum fjárfestum í útboðsferlinu.
- 3.3. Jafnræði fjárfesta myndi almennt vera haft að leiðarljósi þegar tillaga að úthlutun er gerð. Jafnframt ber að gæta að því hvaða markhópur hefur verið afmarkaður fyrir viðkomandi fjármálagerning, í samræmi við ákvæði laga og reglur bankans um afurðastjórnun.
- 3.4. Aðrir þættir sem einnig kunna að hafa þýðingu við gerð tillögu að úthlutun eru taldir upp hér að neðan, til glöggvunar. Ekki er um tæmandi talningu að ræða.
 - 3.4.1. stærð tilboðs (bæði almennt og sem hlutfall eignasafns eða eigna í stýringu),
 - 3.4.2. hvort og þá að hvaða marki áhugi fjárfestis og stærð tilboðs samræmast fjárfestingarstefnu, markmiðum og fjárhagsstöðu hans,



- 3.4.3. hve lengi fjárfestir hyggst halda á viðkomandi fjármálagerningi í kjölfar útboðs,
 - 3.4.4. tegund fjárfestis (s.s. lífeyrissjóður, verðbréfasjóður, sérhæfður sjóður, vísitölusjóður) og flokkun (almennir fjárfestar, fagfjárfestar, viðurkenndir gagnaðilar),
 - 3.4.5. áhugi fjárfestis á viðskiptavini og viðkomandi útboði, til dæmis þátttaka hans í fjárfestakynningum (e. roadshows) og öðrum samskiptum við viðskiptavin;
 - 3.4.6. tímasetning áhuga fjárfestis, einkum hvort að áhugi kemur fram á síðari stigum;
 - 3.4.7. hagsmunir fjárfestis af viðkomandi fjármálagerningum, fyrri viðskipti hans með þá eða fjármálagerninga annarra útgefenda,
 - 3.4.8. yfirlýsingar fjárfestis um áætlanir sínar og trúverðugleiki slíkra yfirlýsinga, einkum í ljósi aðkomu hans í öðrum útboðum,
 - 3.4.9. hvort ástæða sé til að ætla að fjárfestir hafi ýkt raunverulegan áhuga sinn í ljósi væntinga um að tilboð hans verði skert hlutfallslega,
 - 3.4.10. landfræðileg staðsetning fjárfestis og starfssvæði; og
 - 3.4.11. starfsemi fjárfestis og áherslur.
- 3.5. Tillaga Fossa og annarra umsjónaraðila, ef við á, að úthlutun til sín eða aðila innan samstæðu skal samræmast óskum viðskiptavinar samkvæmt grein 2 og þeim atriðum sem nefnd eru í þessari grein 3.
- 3.6. Hvorki bankinn né aðrir umsjónaraðilar útboðs eða aðilar sem þeim tengjast munu njóta sérstakrar ívilnunar eða forgangs við úthlutun samanborið við aðra sambærilega fjárfesta (sömu tegundar eða sem sinna sambærilegri starfsemi). Athygli viðskiptavinar skal sérstaklega vakin á tillögu að úthlutun til Fossa eða annarra umsjónaraðila.

4. Hvatagreiðslur

- 4.1. Fossar mun ekki taka við greiðslum eða ávinningi frá þriðja aðila nema slíkar greiðslur eða ávinningur séu í samræmi við lög og reglur bankans um hvatagreiðslur. Eftirfarandi háttsemi telst meðal annars brjóta í bága við þær reglur:
 - 4.1.1. úthlutun sem hvetur til greiðslu óhóflega hárra gjalda fyrir ótengda þjónustu sem verðbréfafyrirtækið veitir („uppröppun“, e. laddering), s.s. óhóflega



hárra gjalda eða þóknana sem viðskiptavinur í fjárfestingarþjónustu greiðir, eða óeðlilegs magns viðskipta fyrir hóflega þóknun, sem viðskiptavinurinn greiðir gegn því að fá úthlutun í útgáfunni,

- 4.1.2. úthlutun til yfirstjórnanda eða yfirmanns fyrirtækis sem er núverandi eða hugsanlegur viðskiptavinur, sem er endurgjald fyrir að útvega viðskipti í fortíð eða framtíð á sviði fyrirtækjaráðgjafar („forgangsboð“, e. spinning),
- 4.1.3. úthlutun sem er með beinum eða óbeinum hætti skilyrt við móttöku framtíðarfyrirmæla eða kaup á þjónustu verðbréfafyrirtækisins af hálfu viðskiptavinar í fjárfestingarþjónustu eða aðila sem fjárfestirinn er yfirmaður hjá.

5. Skjölun

- 5.1. Fossar munu taka saman og varðveita skrá um úthlutunarákvarðanir, sem verður a.m.k. að innihalda:
 - 5.1.1. úthlutunarstefnu þessa,
 - 5.1.2. upphaflegar viðræður við viðskiptavin, leiðbeiningar og óskir hans, þar með talið samkvæmt grein 2,
 - 5.1.3. efnisinnihald og tímasetningu tilboða frá hverjum fjárfesti og upplýsingar um tegund hans,
 - 5.1.4. eftir því sem við á, frekari viðræður og leiðbeiningar eða óskir viðskiptavinarins, Fossa eða annarra umsjónaraðila um úthlutunarferlið, þar með talið þeirra sem fram koma í kjölfar framkominna tilboða frá fjárfestum,
 - 5.1.5. endanlega úthlutun til hvers fjárfestis,
 - 5.1.6. upplýsingar um þá fjárfesta sem mynda stærstu tuttugu prósent úthlutananna, raðað eftir bæði (i) stærð heildarúthlutunar og (ii) hlutfalli af tilboði fjárfestis í útboðinu, og hvernig úthlutun til þeirra samræmist óskum viðskiptavinar samkvæmt grein 2 og hvaða atriði samkvæmt grein 3 hafi haft þar mest áhrif.

Samþykkt af framkvæmdastjóra fyrirtækjaráðgjafar Fossa fjárfestingarbanka hf. þann

29.09.2022

Rafrænt undirritað